

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 232/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)
gegn

Kristjáni Braga Valssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Líkamsárás. Tilraun til manndráps. Þjófnaður. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 28. maí 1998. Ákærvaldið krefst staðfestingar niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða, heimfærslu til refsíákvæða og greiðslu sakarkostnaðar, en að refsing ákærða verði þyngd og hann dæmdur til að greiða Braga Ólafssyni 400.000 krónur í miskabætur.

Ákærði krefst aðallega sýknu af 1. lið ákæru 24. mars 1998, en til vara, að háttsemin verði felld undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hann krefst einnig sýknu af 2. lið sömu ákæru. Að því er varðar 3. lið ákæru, krefst ákærði aðallega sýknu, en til vara, að háttsemin verði felld undir 218. gr. sömu laga. Þá krefst ákærði þess, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög heimila, og að gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 27. desember 1997, komi til frádráttar refsingu. Loks krefst hann þess, að skaðabótakröfum Braga Ólafssonar verði vísað frá dómi, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar.

I.

Í 1. lið ákæru 24. mars 1998 er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt 15. nóvember 1997 veist að Vincent Gísla Pálssyni með höggum og spörkum með þeim afleiðingum, að hann hafi nefbrotnað. Eins og lýst er í héraðsdómi, er margt óljóst um aðdraganda árásarinnar. Hefur ákærði haldið því fram, að Vincent Gísli hafi slegið sig að fyrra bragði á nefið og hann þá reiðst og slegið til hans. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur,

þar sem fram kemur, að ákærði hafi komið á slysa- og bráðamót-töku sjúkrahússins 15. nóvember 1997. Sagðist hann hafa verið sleginn á nefið, og var það talsvert bólgið. Í vottorðinu segir, að ekki hafi komið fram, svo að öruggt væri, að um nefbrot væri að ræða. Styður vottorðið þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi verið sleginn, þótt ekki sé vitað, hver það gerði. Þá er einnig fram komið, að maður óþekktur hafi komið þar að og ásamt ákærða sparkað í Vincent Gísla, er hann lá á gólfinu. Samkvæmt þessu þykir sannað, að ákærði hafi ráðist á Vincent Gísla, en ekki er fram komin full sönnun fyrir því, að ákærði hafi valdið þeim áverkum á honum, sem heimfærðir yrðu undir 218. gr. laga nr. 19/1940. Verður háttsemi ákærða samkvæmt þessum lið talin varða við 217. gr. laganna.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakfellingu hans um brot ákærða samkvæmt 2. lið í ákæruskjali 24. mars 1998. Þá er einnig staðfest niðurstaða héraðsdóms með vísan til forsendna hans um brot ákærða samkvæmt ákæruskjali 31. mars 1998.

II.

Samkvæmt 3. lið ákæru 24. mars 1998 er ákærði sakaður um tilraun til manndráps með því að hafa veist að Braga Ólafssyni á heimili hans og stungið hann með hnífum og skærum, svo að hann hlaut fjöldamörg sár. Ákærði krefst aðallega sýknu af þessum lið með vísan til 2. málsliðar 17. gr. laga nr. 19/1940. Þótt ákærði hafi verið undir miklum áhrifum áfengis og lyfja umrætt sinn, hefur ekki verið í ljós leitt, að um hafi verið að ræða slíkt rænuleysi, sem 17. gr. kveður á um, og er þessari kröfu því hafnað.

Til vara krefst ákærði þess, að háttsemi sín verði felld undir 218. gr. laga nr. 19/1940, eins og áður segir. Með vísan til forsendna héraðsdóms þykir atлага ákærða að Braga Ólafssyni sönnuð. Samkvæmt gögnum málsins er enginn vafi á því, að um lífshættulega árás var að ræða með hættulegum vopnum og að tilviljun ein réð því, að ekki fór verr. Enda þótt ekki verði litið svo á, að fyrir ákærða hafi vakað að svipta Braga lífi, gat honum ekki dulist, að langlíklegast var, að bani hlytist af atlögu hans. Með vísan til forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann um heimfærslu brotsins undir 211. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Krafa ákærða um frávísun bótakröfu Braga Ólafssonar er ekki

studd haldbærum rökum, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur honum til handa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og komi henni til frádráttar gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 27. desember 1997.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhald ákærða, Kristjáns Braga Valssonar, frá 27. desember 1997 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. maí 1998.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. maí 1998, hefur Ragnheiður Harðardóttir, settur saksóknari, höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali, út gefnu 24. mars 1998 og birtu 21. apríl sl., á hendur Kristjáni Braga Valssyni, heimilislausum, nú gæslufanga á Litla-Hrauni, kt. 141178-5209, fyrir eftirtalin brot, framin í Reykjavík árið 1997:

1. Líkamsárás aðfaranótt laugardagsins 15. nóvember að Austurstræti 20 í samkomusál KFUM og K í risi með því að hafa veist að Vincent Gísla Pálssyni, kennitala 161172-5619, með höggum og spörkum, sem lentu í andliti hans og líkama, með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

2. Líkamsárás aðfaranótt sunnudagsins 14. desember á Klapparstíg við Skúlagötu með því að hafa slegið Rúnar Jónsson, kennitala 060157-5299, tvö högg í ennið með steini með þeim afleiðingum, að hann hlaut 1 til 1,5 sentímetra sár á enni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

3. Tilraun til manndráps föstudagsmorguninn 26. desember með því að hafa veist að Braga Ólafssyni, kennitala 171136-6609, á heimili hans í ris-

íbuð að Klapparstíg 11 og stungið hann mörgum stungum með tveimur hnífum og skærum í líkama og höfuð, svo að hann hlaut fjöldamörg sár í andlit, handleggi, bak, háls, brjóst og kvið, og náði sár á hálsi inn að barka, sár á brjósti inn í hægra brjósthol inn á lunga, og komst loft inn í brjóstholið, og sár á kvið náði inn í kviðarhol, og blæddi þar inn.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá krefjast eftirtaldir, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að tilgreindri fjárhæð:

1. Vincent Gísli Pálsson 102.495 króna auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 15. nóvember 1997, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.
2. Rúnar Jónsson 488.549 króna auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 14. desember 1997 til greiðsludags.
3. Bragi Ólafsson, kennitala 171136-6609, 732.151 krónu.

31. mars 1998 höfðaði lögreglustjórinn í Reykjavík með ákæruskjali, dagsettu þann dag, opinbert mál á hendur Jóni Fannari Þorgrímssyni, Lindarseli 11, Reykjavík, kt. 100380-5369, Erni Steinssyni Ingimarssyni, Langholtsvegi 71, Reykjavík, kt. 170181-3019, og Kristjáni Braga Valssyni fyrir þjófnaðarbrot. Voru Jón Fannar og Örn sakaðir um innbrotstilraun í þjófnaðarskyni án þátttöku Kristjáns Braga, Jón Fannar einn fyrir þjófnað og allir þrír í III. ákærulið fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 24. desember 1997 í félagi brotist tvisvar inn í veitingastaðinn Mekong, Sól-túni 3, Reykjavík, og stolið þaðan peningakassa, sem í voru 1.500 krónur í skiptimynt, 12 gosdrykkjaflöskum og 8 plastpokum, sem í voru 3.317 krónur í skiptimynt.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Kristján Bragi var síðan einn ákærður í IV. lið ákæruskjalsins fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 24. desember 1997 stolið tveimur konfektkössum, að verðmæti 1.300 krónur, úr söluturni BSÍ, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Trygging hf., kt. 660269-3399, þess, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu bóta, að fjárhæð 29.836 króna, auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá tjónsdegi, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Ákærðu sóttu þing við þingfestingu málsins 27. apríl sl. Kristján Bragi

gekkst við broti í III. lið ákæru, en ekki í IV. lið. Var þáttur hans klofinn frá málinu og sameinaður sakamáli nr. 333/1998, sem nú er dæmt um.

Ákærðu Jón Fannar og Örn Steinsson viðurkenndu skýlaust fyrir dómnum að hafa framið háttsemi, sem í ákæru greinir, en þeir höfðu áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu. Þeir samþykktu bótakröfu Tryggingar hf., að því er varðar höfuðstól, en töldu sig ekki geta fallist á óljósa vaxtakröfu. Voru þeir samdægurs dæmdir, Jón Fannar í fjögurra mánaða fangelsi, skil-orðsbundið í þrjú ár, Örn Steinsson í sex mánaða fangelsi, skil-orðsbundið í þrjú ár, og báðir til að greiða Tryggingu hf. 29.836 krónur í skaðabætur.

Ákærði gengst ekki við sakargiftum í fyrra ákæruskjali. Hann hafnar öllum bótakröfum nema kröfu Tryggingar hf. vegna innbrotsins í Mekong, sem hann fellst á, að því er varðar höfuðstól.

I. Ákæra 24. mars 1998.

1. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var óskað eftir lögregluaðstoð að Austurstræti 20, risi, hjá KFUM og K vegna ölvunar og líkamsárásar kl. 2.50 aðfaranótt 15. nóvember 1997. Á vettvangi hittu lögreglumenn fyrir starfsfólk staðarins, en það kvaðst ekki hafa séð, af hverju átök hefðu orðið þar inni með tveimur piltum, sem höfðu verið þar um stund. Um var að ræða ákærða Kristján Braga og kærandann Vincent Gísli Pálsson. Voru báðir áberandi ölvaðir. Vincent Gísli var með sár á höku, og blæddi úr nefi, og var það snúið.

Ákærði skýrði lögreglumönnum svo frá, að Vincent Gísli hefði slegið sig að óvörum í andlit, án þess að þeir hefðu átt orðaskipti áður. Hann kvaðst hafa reiðst og slegið til Vincents Gísla, en ekki vita, hvar höggið lenti. Starfsfólk hefði gengið á milli. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni 14. desember 1997 skýrði ákærði svo frá, að Vincent Gísli hefði komið aftan að sér og slegið sig á nefið, svo að fossblæddi úr því. Sjálfur hefði hann tryllst við og reynt að verja sig.

Vitnið Vincent Gísli skýrði svo frá fyrst eftir atburðinn, að hann hefði verið þarna inni og ekki vitað fyrr til en ákærði sló sig í andlit að tilefnislausu og honum að óvörum, en vitnið hefði ekki átt nein orðaskipti við ákærða áður. Vincent Gísli var fluttur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, en ákærði afþakkaði boð lögreglunnar þar um.

Vincent Gísli kærði atburðinn til rannsóknardeildar lögreglunnar í Kópavogi 17. nóvember sl. og skýrði svo frá, að hann hefði verið nýkominn á staðinn ásamt kærustu sinni, Guðleifu Ágústu. Hefði hún farið að tala við ákærða, sem hefði reynt að kyssa hana, en Vincent Gísli sagt honum að hætta. Hann kvaðst síðan ekki muna miklu meira nema það, að verið var

að sparka í sig, þar sem hann lá á gólfinu. Hann hefði síðan rankað við sér á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Kvaðst hann hafa nefbrotnað, fengið skurð á höku, sem þurfti að sauma, sprungið hefði fyrir á efri vör, og loks hefði hann fengið glóðarauga á bæði augu. Jafnframt kvaðst hann vera ruglaður í höfðinu, síðan þetta gerðist, og fá kipp í hægri síðu, þegar hann hósti, eiga erfitt með að lyfta upp hlutum og fá þá verk í hægri síðu og rif-bein.

Við skýrslugjöf hjá lögreglunni í Reykjavík 1. mars 1998 skýrði Vincent Gísli frá aðdraganda, en kvaðst muna lítið annað en allt hefði verið á hreyfingu. Hann hefði verið meginhluta tímans á gólfinu, þar sem hann fann fyrir mörgum höggum í andlit og báðar síður. Ákærði hefði verið þarna við annan mann og báðir sparkað í vitnið. Ákærði hefði þó sparkað meira, hann hefði staðið yfir sér. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka, þar sem hann hefði borið hendur fyrir andlitið. Hann kvaðst ekki geta sagt til um, hvar hvor sparkaði í sig eða hversu mörg höggin voru. Þau hefðu verið mörg og hann misst meðvitund. Sérstaklega spurður kvaðst vitnið ekki hafa slegið Vincent Gísla að fyrra bragði, en telja, að hann hafi getað „rétt honum einn“, eftir að sá var byrjaður að berja á vitninu.

Fyrir dómi skýrði Vincent Gísli svo frá að spurður, að hann hefði ekki slegið ákærða. Ákærði hefði spurt, hvort hann ætti að berja sig, og slegið sig síðan í andlit, svo að hann nefbrotnaði og féll í gólflið, og síðan sparkað í sig liggjandi. Hann sagði félaga ákærði hafa veitt honum lið, þeir hefðu slegið sig og sparkað í sig, félaginn þó frekar sparkað. Hann kvaðst hafa verið meira og minna í roti, eftir að hann féll.

Þegar vitninu var bent á, að hann hefði ekki nefnt, að ákærði hefði slegið sig, þegar hann bar fram kærú sína, sagði hann, að þá hefði hann enn verið ruglaður eftir árásina, en þetta hefði skýrst fyrir sér síðan.

Vitnið segist hafa gengist undir aðgerð, sem sé eitt hið versta, er hann hafi lent í, og ekki hafa getað stundað atvinnu sína fyrst á eftir vegna blóðnasa. Hann hafi þó fengið greidd dagvinnulaun, meðan hann var frá.

Í áverkavottorði Ólafs F. Bjarnasonar, læknis á háls-, nef- og eyrnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, dagsettu 11. febrúar 1998, segir m. a., að Vincent Gísli hafi komið á deildina 18. nóvember 1997. Hafi hann þá verið með þrjár afrifur á nefhrygg, frekar grunnar. Hann hafi verið með glóðaraugu á báðum augum. Nefið hafi verið mjög skakkt, eiginlega legið alveg úti á hægri kinn, með mikilli innkýlingu á vinstra nefbeini. Miðsnesið hafi einnig verið talsvert skakkt til hægri og einnig úr skorðum fært að neðan til vinstri.

Vitnið Guðleif Ágústa Nóadóttir, vinkona Vincents Gísla, skýrði svo frá í upphafi, að hún hefði í fyrstu ekki séð það, sem gerðist, en séð, þegar

ákærði, sem hún kannaðist við, sló Vincent Gísla í andlitið og starfsmenn gengu á milli. Hún skýrði svo frá hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi, að hún hefði komið greint sinn á loftið ásamt Vincent Gísli. Hann hefði sest við borð, en ákærði hefði farið að hóta Vincent Gísli að lemja hann. Vincent Gísli hefði þá setið við borð og verið að borða, en Kristján Bragi ráðist að honum og hrint honum af stólnum. Hún kvaðst síðan hafa séð Vincent Gísli liggjandi meðvitundarlausan í gólfinu, þar sem ákærði var að sparka í hann. Við skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 1. mars 1998 er framburður Guðleifar Ágústu í meginatriðum á sama veg og hjá lögreglunni í Kópavogi, og skýrir hún nú svo frá, að hún hafi ekki séð Vincent Gísli slá ákærða og telji, að hann hafi ekki gert það. Hún viti ekki, af hverju Vincent Gísli féll í gólf, en ákærði hafi sparkað nokkrum sinnum í maga og andlit Vincents Gísli, þar sem hann lá á gólfinu. Einnig hafi einhver strákur verið með honum, sem sparkaði í Vincent Gísli, en hún hafi ekki séð, hvar hann sparkaði.

Vitnið skýrði svo frá fyrir dóminum, að ákærði hefði hótad að berja Vincent Gísli, ráðist á hann og felld hann af stól, sem hann sat á, í gólf, og sparkað síðan í andlit honum, þar sem hann lá þar á hliðinni. Í fyrstu sagði hún, að ákærði hefði barið Vincent Gísli, en kvaðst, nánar spurð, ekki hafa séð það. Hún sagði, að vinur ákærða hefði síðan sparkað í Vincent Gísli, en gat ekki borið um, hvar spörk hans lentu. Það, sem haft er eftir vitninu í lögregluskýrslum, hefur verið borið undir vitnið fyrir dóminum. Hún kveður það ekki rétt, sem haft var eftir sér í upphafi, að hún hafi séð ákærða slá Vincent Gísli, en síðari framburð sinn staðfesti hún í öllu, sem máli skiptir.

Fyrir dómi neitaði ákærði því í fyrstu að hafa gefið sig að Guðleifu Ágústu, en kannaðist við að hafa þekkt hana. Þegar skýrsla hennar var borin undir hann, neitaði hann því ekki að hafa reynt að kyssa hana eða að Vincent Gísli hefði sagt honum að hætta. Hann kvaðst hafa verið talsvert ölvadur. Hann hélt í aðalatriðum við framburð sinn fyrir lögreglu, en kannaðist ekki við að hafa slegið til Vincents Gísli, fyrr en borin voru undir hann þau ummæli hans í frumskýrslu, að hann hefði slegið til hans, en vissi ekki, hvar höggið lenti. Spurður um, hvort rétt væri eftir honum haft, svaraði hann: „Já, þetta er rétt.“ Og þegar hann var spurður, hvort þetta væri efnislega rétt, svaraði hann: „Jaá, kannski verið einhver átök.“ Hann sagðist hafa tryllst og reynt að verja sig. Hann neitaði að hafa sparkað í Vincent Gísli. Ákærði sagðist hafa farið á sjúkrahús daginn eftir, og hefði þá komið í ljós, að nefið á honum var brákað. Premur vikum síðar segir hann, að nefið hafi reynst brotið.

Niðurstæða.

Óljóst er um aðdraganda atburða þeirra, er urðu greint sinn í samkomusal KFUM og K. Fram kemur í vætti Vincents Gísla Pálssonar og Guðleifar Ágústu Nóadóttur, að ákærði hafi verið þarna við annan mann, óþekktan, sem hafi að einhverju leyti veitt ákærða fulltingi við atlögu hans að Vincent Gísla, eftir að hann var kominn í gólfíð. Er óljóst í málinu um þátt mannsins, sem ekki hefur gefið sig fram.

Ákærði ber, að Vincent Gísli hafi slegið sig að fyrra bragði og að óvörum á nefið. Þar sem ekki er öðrum sönnunargögnum til að dreifa um þá fullyrðingu ákærða, verður ekki fullyrt, að svo hafi verið.

Þá er sannað með framburði vitnisins Vincents Gísla og ákærða fyrir lögreglu og hér fyrir dómi, sem hefur næga stöð í öðrum sakargögnum, að ákærði hafi slegið Vincent Gísla í andlit, áður en hann féll í gólfíð.

Með framburði vitnanna Vincents Gísla og Guðleifar Ágústu Nóadóttur þykir sannað, að ákærði hafi veist að Vincent Gísla, þar sem hann lá í gólfinu, með spörkum, sem lentu í andliti hans og víðar á líkama. Samkvæmt þessu þykir sannað, að ákærði hafi veitt Vincent Gísla atlögu, eins og að ofan greinir, með þeim afleiðingum, að Vincent Gísli nefbrotnaði. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. 1. nr. 20/1981.

2. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni tilkynning um árás á leigubílstjóra við gatnamót Klapparstígs og Skúlagötu aðfaranótt sunnudags 14. desember 1997 kl. 1.52. Er lögreglumenn komu á vettvang, tók á móti þeim vitnið Rúnar Jónsson leigubílstjóri og kvaðst hafa orðið fyrir árás ákærða, sem einnig var á vettvangi. Skýrði Rúnar svo frá, að hann hefði tekið ákærða upp í leigubílinn við Fells múla og ekið honum að Bíóbarnum. Er þangað kom, hefði ákærði neitað að borga og sagt, að hann hefði aldrei haft það í hyggju og væri auk þess ekki með peninga á sér. Hefði vitnið þá ekið af stað niður Klapparstíg og sagt ákærða, að vitnið ætlaði með hann á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113. Ákærði hefði brugðist illa við þessu og vitnið því stöðvað bifreiðina, stigið út úr henni og opnað dyrnar hjá ákærða. Við það hefðu upphafist áflog milli þeirra, sem enduðu með því, að ákærði tók upp stein og barði vitnið tvisvar í ennið, svo stórsá á. Örskömmu seinna hefði lögreglan komið á vettvang. Hefði ákærði, sem var nokkuð ölvaður, verið handtekinn. Hann skýrði svo frá, að vitnið Rúnar hefði ráðist á sig að tilefnislausu og hann aðeins verið að verja sig, er hann lamdi vitnið í höfuðið með steininum. Hann hefði í hyggju að drepa Rúnar, þegar hann sæi hann næst.

Vitnið Rúnar Jónsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 14. desember 1997. Hinn 30. apríl sl. bar hann vitni fyrir dómnum, staðfesti þá lögregluskýrsluna í meginatriðum og skýrði sjálfstætt svo frá, að hann hefði tekið ákærða upp í bíl sinn við Fellsmúla, áberandi ölv-aðan, og ekið honum að hans beiðni áleiðis að Bíóbarnum og verið kominn á Hverfisgötu á leið vestur, þegar ákærði óskaði að fara úr bílnum. Hann kveðst hafa stöðvað bílinn og kafið ákærða um ökugjald, en hann sagst ekki myndu borga, sagt m. a., að vitnið gæti skrifað gjaldið hjá manni, sem hann minnir, að hann nefndi Birgi, en hafi eins getað verið Bragi. Kveðst vitnið hafa ákveðið að fara með ákærða til lögreglunnar, gert honum það ljóst og ekið af stað. Hafi ákærði umturnast við þetta, en áður verið röleg-ur. Hefði ákærði nú slegið aðeins til vitnisins og rífið upp bílhurðina. Fyrir lögreglu kvað vitnið ákærða hafa slegið sig létt á hægri öxl. Vitnið kveðst nú hafa stöðvað bifreiðina, snarast út, tekið í vinstri öxl ákærða, dregið hann út úr bílnum og reynt að fjarlægja hann, til að hann gæti ekki skemmt bílinn. Hann segist hafa rekið hann á undan sér þvert yfir Klapparstíginn, hrint honum síðasta spölinn, 10–15 metra, og sagt honum að koma sér í burtu. Hafi ákærði þá tekið upp hnefastóran stein, en vitnið tekið það til bragðs að ganga þétt að honum, til þess að hann gæti ekki kastað steininum. Kveðst hann þá hafa fengið steininn í ennið, ákærði slegið sig með honum. Hann kveðst hafa tekið það til bragðs að halda hendinni á ákærða þétt að höfði sér, til að hann næði ekki að slá, en þó fengið nokkur smá-högg og hrúfl af því. Frá þessu skýrði vitnið svo fyrir lögreglu, að hann hefði ekki þorað að hreyfa sig af ótta við, að ákærði myndi henda steininum í bílinn. En fyrr en vissi af, hefði ákærði reitt steininn til höggs og lamið sig ofarlega í ennið. Vitnið hefði gripið í handlegg ákærða og þeir stimpast eitthvað, en ákærði haldið á steininum í hægri hendi og steinninn numið við höfuð sér í þessum átökum, og hefði hann þá fengið lítils háttar högg á höf-uðið. Í þessum svifum segir hann hafa borið að bifreið og mann, sem í henni var, hafa komist aftan að ákærða, tekið hann hálstaki og haldið honum, þar til lögregla kom á vettvang. En vitnið hafði samband við bifreiðastöðina Hreyfil um talstöð, og þaðan var lögreglu gert viðvart.

Vitnið kveðst telja ákærða hafa verið upphafsmann átaka, hann hafi slegið til sín og síðan allt gerst í samfellu, þannig, að vitnið hefði stöðvað bílinn og dregið ákærða út úr honum. Við það muni hann hafa fallið á annað hné eða bæði. Hann segist ekki muna, hvort hann lenti í polli, en að sést hafi á fötum sínum, að hann muni hafa farið á hnén, þótt hann muni ekki til þess. Einnig segir hann, að mól og sandur hafi verið vinstra megin á höfði sér og í vinstra eyra eftir átökin.

Vitnið Hafsteinn Thorarensen hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð tvo menn á Klapparstíg í stimpingum. Annar þeirra, sem síðar kom í ljós, að var leigubílstjóri, hafi verið blóðugur á enni. Vitnið kveðst hafa tekið ákærða, sem hafi vírst æstur og drukkinn, hálstaki og snúið hann niður. Ekki kveðst vitnið hafa séð neitt í hendi ákærða, en heyrt eitthvað falla á jörðina í þann mund, sem hann kom að.

Í vottorði Hrafnkels Óskarssonar, læknis á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur, dagsettu 4. janúar 1998, er áverkum Rúnars Jónssonar lýst svo við komu á deildina 14. desember 1997: „Hann er með sár á höfði og eymsli í hnakka og snúinn á vinstri ökkla.“ Enn fremur segir þar, að í staðdeygingu sé saumaður skurður á enni, ca 1–1,5 cm. Þá sé hann með væg eymsli í hnakka, en engin sár þar að mati skoðunarlæknis og með tognun í utanverðum vinstri ökkla. Hann kom síðan aftur á slysadeild sama dag og enn 22. desember, í bæði skiptin vegna eymslanna í ökkla.

Vitnið Rúnar kveður sér heilsast þokkalega og ekki hafa nein varanleg mein af höfuðhögginu. Hins vegar hafi hann meiðst á fæti í átökunum, og slit í hrygg hafi tekið sig upp.

Niðurstaða.

Ákærða og vitninu Rúnari Jónssyni ber saman í aðalatriðum um aðdraganda að átökunum að því frátöldu, að ákærði gengst ekki við því að hafa slegið á öxl vitnisins í leigubílnum. Enn fremur er ekki ljóst, hvort vitnið hratt ákærða, svo að hann féll í poll, en hins vegar þykir ljóst með hliðsjón af framburði vitnisins og ákærða, að vitnið hratt ákærða á undan sér frá bílnum. Þá viðurkennir ákærði að hafa slegið vitnið í höfuðið með steini.

Með játningu ákærða og framburði kæranda og þegar litið er til þeirra áverka, sem vitnið hlaut, telst sannað, að ákærði sló vitnið með steini í andlit, svo að af hlaust 1–1,5 cm langur skurður á enni. Telst brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga.

3. Kl. 10.14 að morgni 26. desember 1997 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að maður hefði verið stunginn með hnífi að Klapparstíg 11 hér í borg. Er lögreglumenn komu á vettvang um fimm mínútum síðar, tók á móti þeim maður að nafni Már Wolfgang Mixa og vísaði þeim inn í íbúð sína á 1. hæð. Sat þá þar á stól Bragi Ólafsson, kt. 171136-6609, til heimilis í sama húsi. Var hann sýnilega með lítil stungusár á hægri augabrún, hálsi og höndum. Tjáði hann lögreglumönnum, að sonarsonur sinn, ákærði í máli þessu, hefði ráðist að sér þá skömmu áður, þar sem hann hefði legið á dýnu í íbúð sinni í risi hússins. Hefði ákærði haft hníf og/eða skæri að vopni. Kvaðst Bragi hafa reynt að verja sig, en ákærði verið viti sínu fjær og stokkið á dyr að lokinni árásinni. Kvaðst Bragi hafa ætlað að hringja í lögreglu úr

síma í íbúðinni, en búið hafi verið að slíta hann úr sambandi. Fór hann því niður í íbúð þá, er lögreglan kom að honum í. Var Bragi fluttur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Við frumathugun á vettvangi sást blóðslóð í stiganum frá 1. hæð og upp í risið. Í herbergi til vinstri við inngang var blóðug dýna og blóðblettir á gólfi. Blóðug skæri voru einnig á gólfi við gluggann í herberginu. Þá var blóð á dyrastaf í herberginu og blóðslóð fram í eldhús. Blóðslettur voru einnig á víð og dreif um íbúðina. Ákærði var handtekinn kl. 12.15 sama dag í söluturni í Hafnarstræti.

Ákærða voru tekin blóð- og þvagsýni kl. 13.15. Reyndist magn alkóhóls í blóðsýni vera 2,69‰ og í þvagsýni 3,55‰. Þá voru honum jafnframt tekin blóð- og þvagsýni til lyfjaleitar, en ákærði hafði greint lögreglumönnum frá því, að hann hefði tekið inn díazepam, mogadon og dolvípar. Í þvagi ákærða greindust bæði benzódíazepín-sambönd og morfínlyf. Þá fannst díazepam í blóði, 190 ng/ml. Við staðlaða leit að basískum lyfjum í þvagi fannst kódeín og paracetamól. Kódeín í blóði var 300 ng/ml og paracetamól 54 ng/ml. Í niðurstöðu prófessors Þorkels Jóhannessonar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir, að maður sá, er ofangreint áfengis- og lyfjamagn fannst í, hafi verið mjög ölvaður, er sýnin voru tekin. Magn kódeíns sé langt umfram lækningaleg mörk, og magn paracetamóls í blóði hafi getað sýnt, að hann hefði verið með yfirvofandi paracetamól-eitrun. Magn díazepams og nordíazepams svaraði hins vegar til töku lækningalegra skammta.

Braga Ólafssyni var jafnframt tekið blóð og þvag til rannsóknar á alkóhólmagni kl. 13.30 sama dag. Reyndist magn alkóhóls í blóði 0,92‰ og í þvagi 0,97‰.

Í skýrslu lögreglu um rannsókn á vettvangi kemur m. a. fram, að mikið blóð hafi verið á dýnu í stofu. Hlaupkenndur blóðpollur, um 6 cm í þvermál og 2 mm á þykkt, hafi verið fyrir framan stól, sem var við hliðina á borði, er sími var á. Blóð var á veggjum í stofu ofan við dýnu, fyrir ofan síma og á vegg gegnt stól og síma. Þá var blóð í blautri tusku á eldhúsborði. Einnig var blóð á skjölum og pappírur í skjalatösku, sem skorin hafði verið upp á botni. Undir dýnu í stofu, við höfðalag, fannst blóðugur matarhnífur með rauðu skefti með blaðlengdinni 8,5 cm og 10,0 cm skefti, samtals 18,5 cm. Við hliðina á borði í stofu, sem þar var við hlið dýnu, voru skæri með blóði á. Lengd bithluta skæranna mældist 8,5 cm. Frá síma í stofu var símasnúra fram í „hol“ að tengli, sem hún hafði verið slitin úr. Skjalataskan, sem fannst í forstofunni, hafði verið skorin upp botnmegin, og hafði verið rótað í pappírur og skjölum. Blóðkám var á vegg fyrir ofan dýnu í stofu, í 50 og 90 cm hæð frá gólfi. Þá var blóðkám á vegg við inngöngudyr í stofu, báðum megin, í 100 og 120 cm hæð.

Við athugun á fatnaði Braga Ólafssonar fannst í vasa á peysu hans blóðugt, brotið hnífsblað, sem reyndist vera af hnífskefti, er fannst í forstofu íbúðarinnar.

Við rannsókn á fatnaði ákærða kom í ljós, að peysa, sem hann var í, var með mörgum blóðfleckjum að framan, þó aðallega hægra megin, frá háls-máli niður að miðju og á ermi. Gallabuxur voru ataðar blóði frá mittisstað niður á enda skálma, mest hægra megin og einnig aftan til við rassvasa hægra megin. Þá voru skór ákærða ataðir blóði við sóla, þó einkum skór hægri fótar.

Rannsókn á líkama ákærða leiddi í ljós storknað blóð á litla- og þumal-fingri hægri handar við naglbönd. Á hægri hendi fyrir innan þumalfingur var að sjá þornað blóð. Á vinstri hendi fyrir ofan úlnlið og nokkru ofar voru nýlegar grunnar, blóðugar rispur, önnur að utanverðu og hin að innanverðu.

Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram, að ekki sé unnt að sjá glögglega, hvar atburðarás hafi byrjað, en ljóst sé, að mestu átökin hafi orðið, þar sem blóðugur stóll og blóðug dýna voru í stofunni. Blóð hafi verið um allan stól-inn og dýnuna um hana miðja og þaðan upp á vegg fyrir ofan dýnuna. Einnig hafi blóð verið á hlutum og pappírnum við hliðina á dýnunni. Þá hafi fundist blóðugur hnífur undir dýnunni og blóðug skæri við hliðina á stofu-borði við hlið dýnnar. Af fatnaði ákærða megi sjá og ætla, að hann hafi m. a. legið ofan á árásarþola. Blóð hafi verið á skóm hans og dregið til á innanverðum sólum, en lítið sem ekkert verið af blóði ofan á skónum. Þá hafi verið mikið blóð á buxum og peysu hans hægra megin, sem dregið hafði sig inn í efnin. Af ummerkjum á skjalatöskunni í forstofunni megi ætla, að leitað hafi verið að einhverjum verðmætum, þar sem botn töskunnar hafði verið skorinn frá og blóðugir pappírar í henni eftir fingurkám. Að lokum hafi verið greinilegt, að símasnúra hafði verið slitin úr símatengli í „holi“, svo að árásarþoli hafi ekki getað notað símann til að kalla á hjálp.

Svo sem áður greinir, var Bragi Ólafsson fluttur á Sjúkrahús Reykjavíkur eftir komu lögreglunnar að Klapparstíg 11 greint sinn. Í læknisvottorði Gunnars Mýrdal um komu sjúklings þangað segir m. a., að skoðun leiði í ljós þrjár grunnar hnífstungur í kviðvegg, fjöldann allan af hnífstungum í brjósthol, stóra stungu við vinstra brjóst og einnig nokkrar smærri hægra megin á brjóstvegg. Á hægri olnboga er stórt sár. Nokkrar smærri stungur eru á baki, ein stór stunga mitt framan á hálsi og ein á hægra augnloki. Alls sé um að ræða tugi stungna, sem náðu gegnum húðina. Gerð var tölvu-sneiðmynd af brjóstholi og kvið, sem leiddi í ljós áverka á hægra lunga. Ljóst var, að loft hafði komist í hægra brjósthol, en ekkert benti til veru-

legrar blæðingar inn í það. Í niðurstöðu vottorðsins greinir frá því, að sjúkl-ingur hafi orðið fyrir alvarlegri líkamsárás með merki um fjölda stungusára á kvið, brjosti, hálsi, hægri augnloki og efri útlimum. Ljóst sé, að verulegu afli hafi verið beitt, þar sem a. m. k. ein stungan hafi náð inn í hægri lunga og skaðað það. Sjúklingur sé ekki í bráðri lífshættu eftir komu á slysadeild, en ljóst sé, að áverkar þessir séu vissulega alvarlegir og geti valdið lífs-háska.

Tómas Jónsson skurðlæknir gerði aðgerð á sjúklingi eftir komu hans á slysadeild. Kemur m. a. fram í vottorði hans um aðgerðina, að eftir að ofan-greind sár höfðu verið deyfð, hafi komið í ljós djúpt sár á hálsi, sem náði al-veg inn að barka, en ekki tekið neina „struktura“ í sundur. Sár í kviðarholi hafi gengið alveg inn í kviðarholið. Því hafi verið gerð kviðarholsspeglun, sem sýndi blóð inni í kviðarholi, en engan skaða á þörmum eða öðrum líf-færum. Er það niðurstaða læknisins, að um engin lífshættuleg meiðsl hafi verið að ræða, en það sé ekki að þakka þeim, sem stungurnar veitti, sér-staklega ekki sárið á hálsinum og í kviðarholi, sem hvort tveggja hefði get-að valdið lífshættulegum skaða. Læknirinn hefur borið vitni fyrir dóminum. Hann kveður umrædda áverka á hálsi, brjosti og kvið og þá sérstaklega „loftbrjostið“ hafa verið lífshættulega og afli verið beitt við stungurnar, sem hafi verið hreinar. Hafi atlagan virst vera lífshættuleg og gerð með það í huga að gera út af við manninn.

Vitnið Bragi Ólafsson hefur skýrt svo frá, að áður en atburðir þeir urðu, sem eru tilefni ákæru, hafi ákærði fengið að dveljast um skeið hjá sér að Klapparstíg 11, en hann hafi ýmist búið þar eða hjá föður sínum. Er vitnið sat í leðurklæddum stól umræddan morgun, hefði ákærði verið að bauka eitthvað frammi, en komið svo inn og ráðist á vitnið og byrjað að stinga það með hnífi, sem hann hélt á í hægri hendi, en skærum í þeirri vinstri, að því er vitnið minnti. Kom fyrsta stungan vinstra megin á magann, og stóð vitnið þá upp í þeim tilgangi að taka á móti ákærða. Kom þá önnur stunga framan á hálsinn. Fann vitnið, að stungur þessar voru djúpar. Vitnið hörfaði aftur á bak að glugganum í stofunni, en þá kom ákærði að vitninu, sveifl-andi hnífnum og skærunum. Stakk ákærði vitnið til skiptis með vopnum þessum. Náði vitnið að grípa nokkrum sinnum um hnífinn og hlaut af því sár í báðum lófum. Þá reyndi vitnið að bera fyrir sig hendur og hlaut af því sár á báða handleggji. Náði vitnið að komast fram á gang, en þar náði ákærði að stinga það aftarlega í hægri síðu. Náði vitnið þar að opna dyrnar fram á stigagang og ýta ákærða út fyrir. Fór vitnið þá að símanum, en búið var að slíta símasnúruna úr sambandi. Skömmu síðar fór vitnið fram og barði að dyrum í íbúð á 1. hæð hússins og var þaðan flutt á sjúkrahús. Vitn-

ið kvað engar deilur hafa verið milli þeirra frænda og árásin komið eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Vitnið Már Wolfgang Mixa, íbúi á 1. hæð að Klapparstíg 11, skýrir svo frá, að hann hafi verið sofandi umræddan morgun, er hann heyrði um kl. 10.00 mikil læti, brólt og brambolt í húsinu. Bárust hljóðin ofan úr íbúð Braga Ólafssonar. Eftir það heyrði vitnið einhvern fara niður stigann og útidyrum skellt aftur. Eftir það var dyrabjöllunni hringt, og var þar kominn Bragi Ólafsson, alblóðugur. Kvað Bragi ákærða hafa stungið sig, og hringdi vitnið á lögreglu, sem kom á vettvang skömmu síðar.

Vitnið Kristín Loftsdóttir, sambýliskona Más Wolfgangs, skýrði lögreglu frá atburðum mjög á sama veg og hann. Segir hún, að nefndan morgun hafi vitnið vaknað við, að brakað og brostið hafi í húsinu. Gat vitnið ekki sofn-að aftur og fór því á fætur, en þá voru lætin hætt. Er vitnið stóð upp, leit það á klukkuna og minnir, að hana hafi þá vantað fimm mínútur í tíu. Vitnið var inni á baðherbergi í nokkrar mínútur. Að því búnu fór vitnið fram í eldhús. Var þá dyrabjöllunni hringt, og fór Már Wolfgang til dyra.

Vitnið Brynjar Örn Valsson, hálfbróðir ákærða, kom milli kl. 6.00 og 7.00 nefndan morgun til afa síns á Klapparstíg. Voru ákærði og Bragi þá báðir vakandi. Að mati vitnisins var Bragi „út úr heiminum“ og stóð varla í fæt-urna. Vitnið staldraði við í um hálfa klukkustund. Reyndi Bragi, sem var „eitthvað ruglaður“ að sögn vitnisins, að ráðast nokkrum sinnum á það, og var ákærði „mun eðlilegri en kallinn“ að mati þess.

Ákærði kveðst lítið muna eftir atvikum umræddan morgun. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi „flippast í hausnum“, orðið fokreiður, en veit ekki, hvers vegna. Hann hafi bara „fríkað út“, og hljóti þetta að hafa gerst í stundarbrjálæði. Hafi hann verið algjörlega „út úr heiminum“. Kveðst ákærði hafa verið búinn að borða fullt af alls konar töflum, mogadon, dolvípar og díazepam, að því er hann heldur, sem Bragi hafi átt. Bragi hafi verið búinn að slá fyrr um kvöldið á nef ákærða, en það sé mjög viðkvæmt, þar sem ákærði hafi nefbrotnað nokkru áður. Þá hafi Bragi verið búinn að vera með fleiri „stæla“ nóttina áður. Ákærði hafi verið með einhvern hníf, sem hann tók á stofu- eða eldhúsbordinu. Hafi hnífurinn brotnað við skaftið, að því er ákærði heldur, við það, að ákærði stakk Braga. Hafi ákærði séð, að hnífurinn var brotinn, þar sem hann hélt á honum, eftir að hann hafði stungið afa sinn. Ákærði man ekki, hve oft hann stakk Braga. Þá kveðst ákærði ekki geta sagt til um, hvort hann notaði annan hníf við árás-ina.

Niðurstæða.

Ákærði ber við minnisleysi um atburði umræddan morgun. Samræmist sá framburður hans niðurstöðu rannsóknar á magni alkóhóls og lyfja í blóðsýni, sem honum var tekið eftir handtöku, en það var verulegt, svo sem áður greinir. Samkvæmt 17. gr. alm. hegningarlaga skal beita refsingu, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Samkvæmt 2. ml. er gerð undantekning um fullkomið rænuleysi. Það, sem fram er komið um athafnir ákærða umrætt sinn, sannar, að hann hefur þá ekki verið rænulaus, og hann kom sér sjálfur í það ástand, sem hann var í. Þrátt fyrir það hefur ákærði ekki neitað sök og kannast við að hafa ráðist að Braga Ólafssyni með hnífi. Liggur ekkert fyrir í málinu um það, hver hafi verið ástæða árásar ákærða á umræddan afa sinn. Er sannað með framburði Braga Ólafssonar, sem er í samræmi við önnur rannsóknargögn og þá sérstaklega rannsókn á vettvangi og fötum ákærða, sem og læknisvottorð og þá fjölmörgu áverka, er komu í ljós við skoðun víðs vegar á líkama hans og greinilega voru eftir eggvopn, þar á meðal djúpar stungur á háls, brjóst- og kviðarhol, að ákærði hafi greint sinn gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Sár á hálsi árásarþola náði inn að barka, og þá náði sár á brjósti inn í hægra brjósthol, inn á lunga, og komst loft inn í brjóstholið. Enn fremur náði sár á kvið inn í kviðarhol, og blæddi þar inn. Áverkar þessir voru lífs-hættulegir, og þá var atlagan ákærða, sem af öllum ummerkjum á vettvangi að dæma auk tuga stunguáverka á líkama Braga Ólafssonar, augljóslega mjög ofsafengin og hrottaleg. Var árásin öll á þann veg, að ákærða hlaut að vera ljóst, að langlíklegast var, að bani hlytist af henni. Hending ein réð, að svo fór ekki. Hefur ákærði með háttsemi sinni orðið sekur um tilraun til manndráps. Verður brot hans heimfært undir 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákæra 31. mars 1998.

1. Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, er fram er komið í málinu, að ákærði hefur aðfaranótt miðvikudagsins 24. desember 1997 í félagi við Jón Fannar Þorgrímsson, kt. 100380-5369, og Örn Steinsson Ingimarsson, kt. 170181-3019, brotist tvisvar inn í veitingastaðinn Mekong, Sóltúni 3 hér í borg, og stolið þaðan peningakassa, sem í voru 1.500 kr. í skiptimynt, tólf gosflöskum og átta plastpokum, sem í voru 3.317 krónur í skiptimynt. Varðar háttsemi ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Gegn eindreginni neitun ákærða er ósannað, að hann hafi aðfaranótt

sama dags og í ákærulið 1 greinir stolið tveimur konfektkössum, að verðmæti 1.300 kr., úr söluturni BSÍ, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákæru.

Sakhæfi ákærða og sakaferill.

Ákærði, sem er fyllilega sakhæfur að mati dómsins, hefur frá árinu 1995 hlotið sjö refsídóma fyrir umferðarlagabrot, skemmdarverk, nytjastuld, auðgunarbrot og líkamsárásir. Hann var 16. maí 1997 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur og jafnframt sviptur ökurétti í fjóra mánuði. Með þeim dómi var dæmdur skil-orðshluti dóms frá 6. júní 1996, en þá var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, þar af tvo mánuði skilorðsbundið þrjú ár fyrir líkamsárás. Hinn 4. júlí sl. var ákærða dæmdur hegningarauki fyrir þjófnað, þjófnaðartilraun og fjársvik, en honum ekki gerð sérstök refsing. Loks var ákærða 31. október sl. dæmdur hegningarauki fyrir minni háttar líkamsárás, en honum ekki gerð sérstök refsing.

Refsing.

Ákærði hefur unnið til refsingar samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar, þar sem manndrápstilraun sú, er ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, vegur langþingst á metunum, verður höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga og sakaferli ákærða. Þá verður jafnframt tekið tillit til ungs aldurs hans. Samkvæmt því er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fimm ár. Til frádráttar refsingu kemur samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga með fullri dagatölu samfelld gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 27. desember 1997, samtals 147 dagar.

Skaðabætur.

Ákærði hefur valdið eiganda veitingastaðarins Mekongs fjártjóni með refsiverðri háttsemi, og ber honum þá að bæta það tjón, sem af háttsemi hans leiddi. Trygging hf. hefur bætt tjónið samkvæmt váttryggingarsamningi og leyst til sín kröfuna. Samkvæmt þessu ber ákærða að greiða félaginu 29.836 krónur í skaðabætur.

Bótakrefjanda var gefinn kostur á að vera viðstaddur, en hann gerði það ekki. Ákærði hafnar óljósri vaxtakröfu. Meðferð vaxtakröfunnar myndi valda verulegum töfum og óhagræði í málinu. Henni er því vísað frá dómi, sbr. 5. mgr., sbr. 1. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Bótakrafa Vincents Gísla Pálssonar sundurliðast þannig:

1. Miskabætur vegna áverka í andliti	kr. 100.000
2. Lækniskostnaður	– 2.495
Samtals	kr. 102.495

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krefst þess, að henni verði vísað frá dómi sökum vanreifunar. Hann telur sig eiga óuppgerðar sakir við bóta-krefjanda, en upplýsingar um grundvöll og fjárhæð hugsanlegrar kröfu ákærða liggja ekki fyrir. Sönnunarfærsla um þennan þátt málsins gat ekki farið fram án tafa og óhagræðis, og verður því þessari kröfu vísað frá dómi samkvæmt 5. mgr., sbr. 1. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Bótakrafa Rúnars Jónssonar sundurliðast þannig:

1. Ökugjald	kr. 720
2. Atvinnutjón	– 94.255
3. Þjáningabætur	– 29.260
4. Miskabætur	– 300.000
5. Útlagður kostnaður vegna læknisaðstoðar o. fl.	– 15.170
6. Lögmannspóknun	– 39.473
7. Virðisaukaskattur 24,5%	– 9.671
Samtals	kr. 488.549

Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni og krefst þess, að henni verði vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Bótakrafan sýnist að verulegu leyti reist á áverkum, sem tjónþoli kveðst hafa hlotið á ökkla við árásina. Ekki er ákært vegna þess þáttar, heldur ein-vörðungu vegna högga ákærða á enni Rúnars með steini. Þar sem bótakraf-an er ekki sundurgreind, hvað varðar meiðsl á höfði annars vegar og fæti hins vegar, verður ekki hjá því komist að vísa henni frá dómi í heild sinni.

Bótakrafa Braga Ólafssonar sundurliðast þannig:

1. Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga	
a) 21 dagur rúmliggjandi $\times$ 1.426	kr. 29.946
b) 20 dagur veikur $\times$ 768	kr. 15.360
2. Ætlaður varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga	– 197.495
3. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	– 400.000
4. Ónýtur fatnaður (vesti og buxur)	– 17.000
5. Teppir og dýna	– 35.000
6. Lögfræðikostnaður með vsk.	– 37.350
Samtals	kr. 732.151

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krefst frávísunar hennar. Kröfuliðir nr. 1, 2, 4 og 5 eru ekki studdir gögnum, svo að dómur verði á þá lagður. Er þeim því vísað frá dómi að kröfu ákærða. Hins vegar var árás ákærða á tjónþola alvarleg atлага að persónu hans og til þess fallin að valda honum andlegu áfalli. Er því rétt að dæma honum miskabætur úr hendi ákærða samkvæmt heimild í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða honum lögfræðikostnað, er telst hæfilega ákveðinn 30.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Ber því að dæma ákærða til að greiða Braga Ólafssyni samtals 330.000 krónur. Með því að vaxta er ekki krafist, verða þeir eigi dæmdir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt héraðsdómurinum Helga I. Jónssyni og Sigríði Ólafsdóttur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Bragi Valsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald ákærða frá 27. desember 1997 til dómsuppkvaðningar, samtals 147 dagar.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur sem hér segir:

1. Braga Ólafssyni, kt. 171136-6609, Klapparstíg 11, Reykjavík, 330.000 krónur,
2. Tryggingu hf., kt. 660269-3399, 29.836 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 150.000 krónur.